

Alþingi

Erindi nr. P / 13 / 868

komudagur 12 / 3 1991

FUNDUR FULLTRÚA 12 FORELDRAFÉLAGA LEIKSKÓLA Í REYKJAVÍK
HALDINN 6. FEBRÚAR 1991 ÁLYKTAR EFTIRFARANDI:

"Við lýsum furðu okkar á því að lagt sé fram á Alþingi frumvarp um leikskóla sem sérstakt skólastig án þess að samhliða sé tryggður réttur allra barna til skólans. Við bendum á að í frumvarpinu eins og það kom frá forskólanefndinni var ákvæði sem tryggði öllum börnum á leikskólaaldri rétt til hans.

Við lýsum yfir stuðningi við leikskóla sem forskóla fyrir öll börn sem heyri einungis undir ráðuneyti menntamála.

Við styðjum tillögur forskólanefndarinnar um ríkisframlag til uppbyggingar leikskóla og teljum sjálfsagt að ríki og sveitarfélög sameinist þannig um að tryggja öllum börnum rétt til leikskóla.

Við lýsum yfir undrun okkar á því að alþingismenn, aðrir en félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra, hafi ekki látið þetta mikilsverða málefni barna og foreldra til sín taka og hvetjum þá því til að taka opinberlega afstöðu til málefnsins.

Við, félagsmenn í hinum ýmsu samtökum launþega og atvinnurekenda, skorum á samtök okkar að beita sér fyrir hagsmunum okkar í máli þessu."

43 fulltrúar foreldrafélaga eftirtalinna leikskóla standa að ályktun þessari: Arnarborg, Álftaborg, Gullborg, Jöklaborg, Hálsaborg, Hálsakot, Klettaborg, Kvistaborg, Langholt, Lækjaborg, Valhöll og Ösp.